

15. mars 2004

Halldóra Ólafsdóttir yfirlæknir

Hæstvirtur heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, stjórnendur Landspítala -háskólasjúkrahúss og aðrir góðir gestir!

Mér er það mikil ánægja að bjóða ykkur öll velkomin hingað í dag til að gleðjast með okkur yfir nýrri og glæsilegri aðstöðu hér á jarðhæð geðdeildarbyggingar. Við erum nú stödd í fyrirlestrar- og meðferðarsal í norður og vesturálmum en hér og í nærliggjandi álmum hefur verið innréttað nýtt húsnæði til að sinna dag- og hópmeðferð þeirra sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Þessi starfsemi var áður til húsa á Flókagötu 29 og 31, kölluð Teigur, en þau hús eru nú orðin sambýli fyrir geðfatlaða.

Undirbúningurinn að flutningi Teigs hingað hefur staðið talsvert á þriðja ár. Markmiðið framkvæmdanna var að af þeim hlytist bæði faglegur og rekstrarlegur ávinningur; hér var til staðar mikið húsnæði sem var orðið lítið notað og nálægðin við göngudeild, bráðamóttöku, legudeildir og iðjuþjálfun býður upp á betri samnýtingu og samhæfingu meðferðarúrræða og mannafla en hægt var að koma við þegar starfsemin var á Flókagötunni. Hins vegar komu í ljós ýmsir vankantar á húsnæðinu; t.d. þótti það dimmt enda öll vesturhliðin gluggalaus. Með frábærri aðstoð Aðalsteins Pálssonar, sviðsstjóra byggingarviðs, Magnúsar Guðmundssonar, arkitekts og Egils Jóhannssonar, umsjónarmanns fasteigna og allra hans ágætu iðnaðarmanna, tókst að finna lausnir sem ég held að flestir geti verið sáttir við og þið getið reyndar dæmt með eigin augum hvernig til hefur tekist.

Um leið og þið gangið hér um sali sjáið þið óvenju myndarlegt safn listaverka sem prýða þessa nýju meðferðarmiðstöð, sem við kjósum reyndar að kalla áfram Teig. Þessi listaverk eiga sína sögu: Þegar Óttar Guðmundsson, geðlæknir, kom til starfa á Vífilisstaðadeildinni árið 1991 þótti honum húsnæðið heldur óásjállegt og þá sérstaklega rauð, gul og brún rýjateppi, sem skreyttu vegg. Hann ritaði bréf til Menntamálaráðuneytisins og bað um styrk upp á tvær og hálf milljón til listaverkakaupa með þeim rökum að í núverandi ástandi væri staðurinn drykkjuhvetjandi. Bréfið vakti allnokkra athygli í ráðuneytinu og innan örfárra daga var mætt upp á Vífilisstaði 7 manna sendinefnd til að skoða aðstæður. Það var eindóma álit nefndarmanna að rýjateppin á Vífilisstöðum væru ekki líkleg til að bæta geðheilsuna og styrkurinn fékkst. Þessar myndir fóru síðan á Teig þegar starfsemin fluttist þangað árið 1995 og nú nýverið fengum við Auði Ólafsdóttur, listfræðing, til að koma þeim fyrir hér.

Annar undirbúningur flutninganna, að mínu mati enn mikilvægari, fólst í endurskipulagningu á hinum faglega þætti. Teigsmeðferðin hafði lengi búið við góðan orðstír en hún var á sínum tíma fyrsta dagdeildarmeðferðin hérlendis fyrir fólk með áfengis og vímuefnavanda og hafði starfað með litlum breytingum frá 1995. Óttar Guðmundsson, geðlæknir og þáverandi yfirlæknir vímuefnadeildar, veitti forystu starfshópi um endurskoðun áfengis og vímuefnameðferðar árið 2002-2003 og ég tók síðan við með öðrum starfshópi sem skilaði álitum vorið 2004 og seinustu mánuðina hefur Bjarni Össurason, yfirlæknir, ásamt sínum samstarfsmönnum lagt lokahönd á verkið. Veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á innihaldi og framkvæmd meðferðarinnar, aukið vægi sálfræðimeðferðar, meira mið tekið af árangursrannsóknnum og aukin áhersla lögð á að þjóna þeim hópi fólks sem á við fjölþættan vanda að stríða, t.d. þar sem fer saman geðröskun og vímuefnavandi, en eðli málsins samkvæmt leita þeir einstaklingar frekar hingað en á aðrar meðferðarstofnanir.

Stundum heyrst í fjölmiðlum að það skorti stefnu eða stefnur í geðheilbrigðismálum. Eftir að hafa átt sæti í hinum ýmsu undirbúningsnefndum fyrir hinn nýja Teig, finnst mér enginn skortur á stefnum, ef eitthvað er þá eru þær of margar. Ég hef ekki áður kynnst þvílíku hugsjóna- og baráttufólki og þeim sem starfa við meðferð vímuefnasjúklinga, ég er þakklát fyrir samstarfið og góða viðkyrningu - og má þar einkum nefna sálfræðinga og áfengisráðgjafa - og að hafa fengið tækifæri til að öðlast betri innsýn inn í þennan flókna og erfiða málaflokk. Því er ekki að leyna að sitt sýndist hverjum um stefnuna í meðferðarmálunum og um tíma var hart deilt, en upp úr umræðunum spruttu frjóar hugmyndir um endurbætur, sem ég vona að skili sér fyrst og síðast til þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda. Það hlýtur að vera metnaður okkar sem sjúkrastofnunar að sem flestir sem til okkar leita fái bót sinna meina og að lækningaraðferðir séu í samræmi við þá þekkingu sem best er á hverjum tíma. Nýja meðferðin var prufukeyrð nú eftir áramótin og hefur verið vel af henni látið af þeim sem reynt hafa.

Fyrir utan hið glæsilega húsnæði Teigs þá erum við í göngudeildinni einnig að fá viðbótarhúsnæði, staðsett á tengigangi og hýsti áður taugarannsóknir. Á stuttum tíma hefur orðið mikil aukning á komum í göngudeild hér á Hringbraut, t.d. voru 8700 komur á almennu göngudeildina árið 2001 (fyrsta árið eftir sameiningu), í fyrra voru göngudeildarkomur 16500 eða tæplega 100% aukning á þremur árum. Það hefur því þengt að okkur, skortur er á viðtals- og vinnuherbergjum og mun hið nýja húsnæði bæta úr brýnni þörf.

Hluti þessa nýja göngudeildarhúsnæðis hefur verið innréttaður sérstaklega sem dagdeild fyrir átröskunarsjúklinga. Flest bendir nú til að átraskanir eigi að meðhöndla á dagdeildum, göngudeildum eða með heimaþjónustu, fremur en á legudeildum geðdeilda eins og því miður hefur stundum orðið raunin hjá okkur þegar ekki hefur verið um aðra kosti að ræða. Í dagdeildinni hefur verið komið upp svokölluðu netkaffi þar sem einstaklingar í meðferð geta notað sér tölvutæknina, til náms, þjálfunar og dæggrastyttingar. Við erum þar líka að horfa til framtíðar, því að víða er verið að þróa tölvuprógrömm til að styrkja og efla aðra meðferð við algengum geðröskunum, m.a. við átröskunum. Því miður höfum við ekki enn nægilega margt sérþjálfað fagfólk starfandi á göngudeild til að sinna átröskunum eins og við höfum metnað til, en ég treysti á að við getum bætt úr því í nánustu framtíð.

Ég vil þakka sérstaklega því ágæta fólki sem starfaði með mér í undirbúningshópunum og þeim fjölmörgu öðrum sem miðluðu okkur af þekkingu sinni og reynslu og þakka jafnframt sviðsstjórum geðsviðs, Eydísi og Hannesi, góða samvinnu og hvatningu við verkefnið. Þá vil ég þakka heilbrigðisráðherra sérstaklega fyrir auðsýndan skilning og dyggilegan stuðning við þessar breytingar.